

Nd.

10. Frumvarp til laga

[10. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

2. mgr. 256. gr. laganna orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 3000 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 101 23. des. 1950, um breyting á almennum hegningarlögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 101 23. des. 1950, um breyting á almennum hegningarlögum var hækkað úr 50 krónum í 1000 krónur hámark þess tjóns, sem hin sérstaka ákæruregla í 2. mgr. 256. gr. laganna miðast við.

Tillaga sú um hækkun, sem gerð er í þessu frumvarpi, er borin fram í samráði við hegningarlaganefnd og saksóknara ríkisins og miðast við breyttar aðstæður frá því að hámarkið var ákveðið 1950.